



FRAMKVÆMDARÁÐ SSA

Fundur nr. **2** 2012 - 2013

FUNDARGERÐ

Fundur var haldinn í framkvæmdaráði SSA fimmtudaginn 6. desember kl. 13:30 2012. Fundarstaður: Fundaherbergi Austurbrúar ses, Miðvangi 2-4, á Egilsstöðum

Mættir: Valdimar O. Hermannsson, Stefán Bogi Sveinsson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Þá sat fundinn Ásta K. Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri og Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnastjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður Valdimar O. Hermannsson bauð fundarmenn velkoma og gengið var til dagskrár.

Dagskrá :

1. Almenningsamgöngur á Austurlandi.

Ásta K. Sigurjónsdóttir fór yfir málefni almenningsamgangna, þar sem rætt var um samninga við akstursaðila, gildistíma samninga, skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga og akstursaðila og kostnað við sameiginlega þjónustu. Fram kom að lögmaður SSA fór yfir samningdrögin við akstursaðila. Þá var rætt um fyrirhugaða lagasetningu um almenningsamgöngur og mikilvægi þess að þar væri tryggður réttur sérleyfishafa á akstursleiðum/útboðsleiðum.

Rætt var um legginn Akureyri – Egilsstaðir en Eyþing hefur skipulagt akstur á þessari leið án nokkurs samráðs við forsvarsmenn SSA. Ástu var falið að ræða við fulltrúa Eyþings um málið, þá munu Valdimar og Ólafur Áki taka málið upp við vegamálastjóra og starfsmann vegagerðarinnar sem fer með málaflokkinn á fundi 14. desember nk.

Kynnt voru drög að samningi milli Vegagerðarinnar og SSA sem felur í sér greiðslur til SSA til að efla og þróa almenningsamgöngur milli byggðakjarna á Austurlandi.

2. Staða á vinnu við Sóknaráætlun landshluta.

Ólafur Áki fór yfir tímaplan verkefnisins og gerði grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið.

3. Skipting á viðbótarfjármagni til landshlutana vegna sóknaráætlunar fyrir árið 2013.

Kynnt var bréf sem verkefnastjóri skrifaði stýrihóp ráðuneytanna, þar sem óskað er eftir skýringum á ákveðnum liðum sem stuðst var við í skiptingu fjár milli landshlutasamtakana vegna sóknaráætlunar landshlutana 2013.

4. Sveitarstjórnarvettvangur EEA/EFTA.

Valdimar skýrði frá fundi sem hann sótti í Brussel á vegum landshlutasamtakana, en SSA er í hópi þeirra landshlutasamtaka sem fara með málaflokkinn fyrir hönd samtakana.

5. Starfsemi uppbyggingasjóða Evrópusambandsins.

Fyrirhugaður er umfangsmikill vinnu- og kynningarfundur í Velferðarráðuneytinu þar sem farið verður yfir stöðuna hvað varðar félagsmálasjóðinn. Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 13. desember. Arnbjörg sveinsdóttir mætir fyrir hönd stjórnar SSA.

6. Önnur mál.

- a) Ákveðið var að senda jóla- og áramótakveðju frá stjórn SSA í Austurgluggann.
- b) Stjórnin mun fara yfir svör við fyrirspurnum frá Arnbjörgu sem hún lagði fram á Alþingi í lok nóvember, um málefni sem snerta fjórðunginn á fundi í janúar.
- c) Verkefnastjóri tekur saman yfirlit yfir IPA-umsóknir sem sendar voru á vegum SSA og Austurbrúar og leggja fyrir stjórn SSA.
- d) Lagt var fyrir bréf frá fjármálastjóra Austurbrúar um greiðslur frá SSA til Austurbrúar vegna þjónustu og fl.
- e) Rætt var um að kalla saman þingmenn kjördæmisins og frambjóðendur til að fara yfir málefni landshlutans.
- f) Verkefnastjóra falið að boða samstarfsnefnd og samgöngunefnd saman til fundar í janúar.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 15:10.

Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari